

Merki Neytendasamtakanna.

Nefndarsvið Alþingis  
B.t. Utanríkismálanefnd  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 7. nóvember 2018

**Efni: Umsögn Neytendasamtakanna um tillögu til þingsályktunar um uppsögn tollasamning um landbúnaðarvörur við Evrópusambandið, 22.mál, 149 löggjafarþing 2018-2019 (þskj. 22).**

Neytendasamtökin hafa ætíð talað fyrir auknu frelsi í viðskiptum með landbúnaðarvörur til hagsbóta fyrir neytendur og var tollasamningur við Evrópusambandið stórt skref í rétta átt. Innflutningur á landbúnaðarvörum mun aukast eftir því sem samningnum vindur fram og því þurfa innlendir framleiðendur vissulega að takast á við aukna samkeppni. Rétt er þó að halda til haga að þær innfluttu landbúnaðarvörur sem um ræðir verða ekki nema brot af heildarneyslu innanlands. Þannig er áætlað að innflutningur á ostum muni nema um 10% af heildarneyslunni.

Neytendasamtökin leggjast gegn því að tollasamningi við Evrópusambandið verði sagt upp enda felur hann í sér ýmis tækifæri fyrir neytendur, ekki síst í auknu vöruúrvali og lægra verði á landbúnaðarvörum. Samningurinn er gagnkvæmur og því eru einnig ýmis tækifæri fyrir innlenda framleiðendur að hasla sér völl á hinu stóru markaðssvæði Evrópusambandsins.

Það geta ekki talist haldbær rök að gengi krónunnar setji samninginn í uppnám þar sem það er alþekkt að gengi hennar sveiflast. Með þessum rökum gæti íslenska ríkið almennt ekki gert alþjóðlega samninga um fríverslun. Þá er algerlega óljóst hver áhrifin verða af úrsögn Breta úr Evrópusambandinu þar sem samningaviðræður standa enn yfir. Það er almennt vitað að ríkjum Evrópusambandsins er heimilt að segja sig úr sambandinu og því langsótt að tala um forsendubrest í þessu samhengi.

Virðingarfyllst,  
f.h. Neytendasamtakanna

---

Breki Karlsson